

Fylgiskjal 3

Hótel Beljandi hf.

Helstu upplýsingar – samantekt frá verkefnastjóra vegna skipulagningar og fyrsta teymisfundar í tengslum við endurskoðun ársreiknings 2023

- Í ársreikningi 2022 fjölluðu stjórnendur um rekstrarhæfi félagsins og sögðu frá nýju hlutafé sem hafði verið greitt inn. Jafnframt var veitt víkjandi lán með viðbótarfjármögnun og samið um skilmálabreytingu við viðskiptabanka ásamt framlengingu á lánalínunum. Í skýringu með ársreikningnum 2022 kom fram að ef áætlanir stjórnenda myndu ekki ganga eftir bá gæti legið vafi á rekstrarhæfi félagsins. Stjórnendur telja að áhrifa Covid-19 gæti lítið sem ekkert lengur.
- Stjórnendur hafa áfram unnið náið með viðskiptabankanum á árinu 2023 um fjármögnun félagsins.
- Leigusamningarnir hafa verið færðir í samræmi við meðferð leigusamninga samkvæmt reglum Reikningsskilaráðs. Í einu tilviki hefur verið skrifað undir 15 ára leigusamning um leigu á hóteli sem verður opnað í lok árs 2023. Í árslok 2022 var færð fyrirframgreidd leiga vegna hans á meðal fastafjármuna. Í þremur tilvikum eru lausir leigusamningar en ágreiningur hefur verið við leigusala þeirra. Stjórnendur telja líklegt að ágreiningurinn verði leystur fyrir áramót.
- Félagið hefur sett sér stefnu um vistvænan rekstur og leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð í orði og verki.
- Meðalfjöldi stöðugilda í árslok 2022 var 420 störf en störfín voru 167 árið áður.
- Óefnislegar eignir í árslok 2022 samanstóðu eingöngu af hugbúnaði en viðskiptavild félagsins var öll færð niður í lok árs 2021. Framkvæmdastjórinn sagði að það væri líklegt að það þyrfti að eignfæra umtalsverðar fjárhæðir í innanhússþróunarvinnu á hugbúnaði á árinu 2023 sem nú væru færðar meðal launa.
- Dóttir framkvæmdastjórans hefur nýverið tekið við að stýra bókhaldi hótellanna og er hún að samræma uppgjörsferla innan félagsins. Hún hefur ekki menntun eða reynslu á sviði bókhalds og reikningsskila en hefur engu að síður mikla innsýn í reksturinn eftir að hafa fylgst með rekstrinum frá blautu barnsbeini. Hún hefur lagt áherslu að sjálfvirknivæða bókhaldið og færir greiðslur beint af banka á gjaldalykla. Bankinn stemmir næstum því alltaf, bara erlendir bankareikningar, PayPal og uppgjör við kortafyrirtæki sem geta verið erfið viðureignar. Afstemmingarnar eru allar í kerfinu að sögn starfsmanna bókhaldsins, þ.e. reynt er að nota jöfnunarmöguleika eftir því sem hægt er.
- Jafnlaunavottun hefur nýlega farið fram. Framkvæmdastjórinn sagðist eiga eftir að fara betur yfir forsendur hennar en vottunin kom ekki vel út. Framkvæmdastjórinn taldi að hún hefði ekki verið framkvæmd faglega og þeirra eigin launagreiningar hefðu sýnt allt aðra niðurstöður. Hún taldi að vottunaraðilinn hefði ekki skilning á rekstri hótela.
- Nýlega var skipt úr SAP kerfinu yfir í DK hugbúnað. Það var gert meðal annars þar sem hótelið var að innleiða Dineout bókunar- afgreiðslu- og umsýslukerfið á veitingastöðunum og DK kerfið var talið henta best með Dineout kerfinu. Stjórnendur voru í fyrstu ekki ánægðir með Dineout kerfið þar sem erfitt var að leiðrétta kassauppgjör í lok dags á

veitingastöðunum en létu gera breytingar á kerfinu til að auðvelda leiðréttingar á sölu dagsins. Kassauppgjörin stemma því alltaf við banka og kort í dag. Hótelin nota eigin bókunarkerfi sem hefur verið í þróun undanfarin ár og virkar þokkalega. Það hefur þó reynst erfitt að tengja það við stærri bókunarsíður eins og Booking og Airbnb.

- Framkvæmdastjórinn fundar tvisvar í mánuði með hóteltjórum og fer yfir helstu fjárhagsstærðir, nýtingu gistirýma, gæðamál og launa- og starfsmannamál. Reynt hefur verið að nota PowerBI skýrslur fyrir þessa fundi og hafa þær orðið betri og betri eftir því liðið hefur á árið 2023. Fjárhagsáætlun vegna ársins 2024 er í gangi og mun henni verða bætt við PowerBI skýrslurnar á næsta ári og þá er betur hægt að bera saman rauntölur við áætlaðar fjárhagsstærðir.